

Skólareglur

Við komum alltaf fram við aðra af **VIRÐINGU**.

Við stundum nám okkar af **SAMVISKUSEMI** og **DUGNAÐI**, bæði í **SKÓLA** og **HEIMA**.

Við göngum vel um **SKÓLANN, EIGUR OKKAR OG ANNARRA**.

Inngangar og fatahengi	Fylgja fyrirmælum Raða skófatnaði á rétta staði Hengja upp yfirhafnir (einnig snjóboxur og galla) Húfur í ermi / vettlingar í vasa	Hafa hendur og fætur hjá sér Nota inniröddina Gefa öðrum tíma og pláss til að hengja upp	Opna og halda hurðum fyrir aðra Huga að flíkum annarra Vera úti í frímínútum (yngra og miðstig)
Kennslustofa	Fylgja fyrirmælum Rétta upp hönd Nota inniröddina Hafa hendur og fætur hjá sér	Ganga vel um eigur sínar, skólans og annarra Yfirfara skóladótið daglega Huga að eigum annarra Geyma leikföng í skólatösku – Yngsta stig	Sýna kurteisi Hlusta á aðra af virðingu Vera jákvæð(ur)
Gangar og miðrymi	Fylgja fyrirmælum Hafa hendur og fætur hjá sér Ganga hægra megin Halda hæfilegum hraða	Nota inniröddina Bíða róleg í röð	Vera jákvæð(ur)
Íþróttastaða	Fylgja fyrirmælum Nota inniröddina	Vera rösk Fara í íþróttafötin sín Fara í sturtu	Hengja fót á snaga/ eða í körfur Gera ekki athugasemdir við útlit annarra
Salerni	Fylgja fyrirmælum Veita næði Vera rösk	Sturta niður og láta setuna niður	Þvo hendur og henda þurrkum í ruslafötu Halda gólfinu þurru
Skólalóð	Fylgja fyrirmælum Halda sig á skólalóðinni Koma inn þegar bjallan hringir	Ganga vel um tæki og útileikföng Hafa snyrtilegt Engin áflog	Leika í sátt Leyfa öðrum að vera með Skiptast á í leikjum
Hádegismatur	Fylgja fyrirmælum Nota inniröddina Tala ekki með fullan munninn	Nota hnífapör Ganga frá eftir sig	Bíða róleg í röðinni Gefa öðrum tíma og pláss

Í **SKÓLANUM** og á **SKÓLALÓÐ** er **EKKI** leyfilegt að vera með eftirfarandi:

Hlaupahjól, línuskauta, hjólabretti
Sælgæti (tyggjó), gosdrykki og orkudrykki
Tóbak og vímugjafa
Ýmsa óæskilega hluti eins og kveikjara, vasahnífa og fleira.